

GAMMA: Méllon
Árshlutareikningur 30. júní 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

GAMMA: Méllon er fagfjárfestastjóður í rekstri GAMMA Capital Management hf. Tilgangur sjóðsins er kaup og innheimta lána og annar skyldur rekstur.

Árshlutareikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu. Enginn starfsmaður starfaði hjá sjóðnum en daglegur rekstur hans er í höndum rekstrarfélagsins GAMMA Capital Management hf. samkvæmt samningi þar um.


Í lok júní 2019 nam hrein eign sjóðsins 29 millj. kr. og heildar eignir hans námu 804,2 millj. kr.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sjóðstjóra er árshlutareikningur GAMMA: Méllon í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og er það álit stjórnar og sjóðstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu sjóðsins í lok júní 2019 og rekstrarafkomu hans og breytingu á hreinni eign á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019.

Stjórn rekstrarfélagsins GAMMA Capital Management hf. og sjóðstjóri GAMMA: Méllon staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík 30. september 2019.

Stjórn:


Anna K. Ágústsdóttir
Anna K. Ágústsdóttir

Sjóðstjóri:



Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í fagfjárfestastjóðnum GAMMA: Méllon.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Méllon fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og sjóðstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglur um reikningsskil verðbréfasjóða. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Samanburðarfjárhæðir

Árshlutareikningur Méllon 30. júní 2018 var ekki kannaður og þar af leiðandi höfum við ekki kannað samanburðarfjárhæðir rekstrarreiknings og yfirlits yfir breytingar á hreinni eign fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2018.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu hans 30. júní 2019 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfasjóða.

Reykjavík 30. september 2019.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2019

	Skýr.	30.6.2019	30.06.2018
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		35.865	28.861
Vaxtagjöld		(13.880)	(12.673)
Virðisrýrnun útlána	4	(5.974)	(1.007)
Hreinar fjármunatekjur	1-2	16.011	15.181
Rekstrargjöld			
Umsýslupóknun	3	3.705	1.800
Annar rekstrarkostnaður		2.239	190
Rekstrargjöld samtals		5.944	1.990
Afkoma tímabilsins		10.067	13.191

Efnahagsreikningur 30. júní 2019

	Skýr.	30.6.2019	31.12.2018
Eignir			
Útlán	4, 11	789.090	740.328
Verðbréf með breytilegum tekjum	5	7.496	7.496
Lán til tengdra aðila		1.868	12.215
Fjárfestingar samtals		<u>798.454</u>	<u>760.040</u>
Handbært fé	6	5.700	2.231
Veltufjármunir samtals		<u>5.700</u>	<u>2.231</u>
Eignir samtals		<u><u>804.154</u></u>	<u><u>762.271</u></u>
Skuldir			
Skuldabréfaútgáfa		766.296	738.031
Skuld við GAMMA Capital Management hf.		7.305	3.600
Aðrar skuldir		1.577	1.731
Skuldir samtals		<u>775.178</u>	<u>743.362</u>
Hlutdeildarskírteini	8-9	<u>28.976</u>	<u>18.909</u>
Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals		<u><u>804.154</u></u>	<u><u>762.271</u></u>
Hrein eign		28.976	18.909
Fjöldi eininga		75,00	75,00
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabilsins		<u>386,34</u>	<u>252,12</u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 1. janúar til 30. júní 2019

	30.6.2019	30.6.2018
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma tímabilsins	10.067	13.191
Fjármögnunarhreyfingar		
Innleyst hlutdeildarskírteini	0	(22.500)
Fjármögnunarhreyfingar	0	(22.500)
Breyting á hreinni eign	10.067	(9.309)
Hrein eign í ársbyrjun	18.909	33.531
Hrein eign í lok tímabilsins	28.976	24.223

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur fagfjárfestastjóðsins GAMMA: Méllon er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreglu að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Fagfjárfestastjóðurinn er hluti af GAMMA Capital Management hf.

Fagfjárfestastjóðir GAMMA Capital Management hf. eru lokaðir sjóðir og eingöngu ætlaðir fyrir stofnanafjárfesta. Fagfjárfestastjóðir eru því lokaðir fyrir viðskiptum almennings.

b. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

2. Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)

Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

	Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur	Vaxtagjöld	Virðisrýrnun útlána	Samtals
GAMMA: Méllon	35.865	(13.880)	(5.974)	16.011

3. Umsýslubókun

Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu, GAMMA Capital Management hf., 1% fasta þóknun af heildareignum sjóðsins og dótturfélaga og 20% árangurstengda þóknun af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins.

4. Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum og verðbótum í lok júní 2019. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölu sem tók gildi í byrjun júlí 2019.

Virðisrýrnun útlána

Útlán eru færð niður til að mæta áætluðum, áföllnum útlánatöpum. Virðisrýrnun er byggð á mati stjórnenda á núvirtu framtíðarsjóðstreymi útlána. Ef núvirt sjóðstreymi láns, m.v. samningsvexti lánsins, er lægra en bókfærð staða þess, er mismunurinn færður til bókar sem virðisrýrnun. Í lok júní 2019 nam virðisrýrnun útlána 7,1 millj. kr.

5. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutdeildarskírteini sjóða. Hlutdeildarskírteini eru metin á gengi viðkomandi sjóða á uppgjörstegi.

6. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankareikningum hjá innlánsstofnunum.

7. Skattamál

Fagfjárfestastjóðir eru ekki sjálfstæðir skattaðilar og greiða ekki tekjuskatt. Hagnaður eða tap af rekstri þeirra er skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af skírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Skýringar, frh.:

8. Hlutdeildarskírteini - raunávöxtun

Raunávöxtun Gamma: Méllon greinist þannig:

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Gamma: Méllon	46,1%	45,3%	15,5%

9. Hlutdeildarskírteini - bókfært verðmæti og gengi

Hér að neðan er yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina í lok júní 2019 með samanburðartölur fyrir árslok 2018 og 2017.

	Bókfært verð			Gengi		
	30.6.2019	31.12.2018	31.12.2017	30.6.2019	31.12.2018	31.12.2017
Gamma: Méllon	28.976	18.909	33.531	386,34	252,12	111,77

10. Hlutfallsleg skipting eigna

Að neðan er yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna sjóðsins. Fagfjárfestasjóðir eru ekki með fjárfestingarstefnu sem ræður eignasamsetningu þeirra og engar hömlur eru settar í lögum um fjárfestingar. Þar af leiðandi er ekki birt fjárfestingarstefna.

	Eign 30.6.2019	Eign 31.12.2018	Breyting
	%	%	%
Útlán	98,1%	97,0%	1,1%
Hlutdeildarskírteini fagfjárfestasjóða	0,9%	1,0%	(0,1%)
Lán til tengdra aðila	0,2%	1,7%	(1,5%)
Handbært fé	0,7%	0,3%	0,4%

11. Útlán - staða í lok tímabilsins

	30.6.2019	31.12.2019
Afskriftir	5.800	6.000
Vanskil (90 - 180 dagar)	2.548	0
Vanskil (180+ dagar)	5.800	1.031
Stærð lánasafns	796.164	741.433
Niðurfærslur lána	7.074	1.105
Staða útlána	789.090	740.328